

Md.

272. Breytingartilliögur

við frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá Birni Lindal, Jóni Sigurðssyni og Þórarni Jónssyni.

1. Á eftir 12. gr. komi ný gr., er verður 13. gr., þannig:
Heimavistir skulu vera við skólann fyrir eigi færri en 50 nemendur.
Skulu þeir njóta þar ókeypis húsnæðis; ljóss og hita. Forgangsrjett til heimavista hafa þeir nemendur, sem búa utan Reykjavíkur.
Greinatalan breytist eftir þessu.
2. Aftan við 15. gr., er verður 16. gr., komi ný málsgrein, þannig:
Ákvæði 13. gr. um heimavistir skulu koma til framkvæmda eigi síðar en haustið 1928. Pangad til skal greiða þeim nemendum, er inntöku fá i skólann samkvæmt þessum lögum og njóta ættu heimavistar, húsa-leigustyrk svo að skaðlausir sjeu.